



Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna ljósleiðara



Bjarni F. Einarsson
2020

Forsíðumyndin sýnir náttuga í landi Leysingjastaða í Dölum (Rúst 173:1. Horft mót NA. Ljósm. BFE 2020).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Dalaveitur ehf.
Ágúst 2020.

Inngangur


Að beiðni Dalaveitna ehf kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á svæði sem fyrirhugað er að leggja ljósleiðara um. Er svæðið og skráðar fornleifar sýnd á myndum 1-8. Svæðið nær frá Bessastöðum í norðri til Árbæjar í suðri.

Skoðaðar voru örnefnaskrár, túnakort og friðlýsingarskjöl í tengslum við skráninguna.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 20. júlí síðastliðinn. Veður var gott allan daginn.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með staðsetningu fornleifa/minja.

Um kortavinnu sá Dalabyggð og fulltrúi verkkaupa var Kristján Ingi Arnarsson, umsjónarmaður framkvæmdanna



Mynd 1. Yfirlit yfir hinar friðlýstu fornleifar í landi Bessatungu. Aðeins þær sem merktar eru með R eru friðlýstar. Línuleiðin liggur frá þjóðveginum rétt ofan við skurðin sem skilur að fornleifarnar. (Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands).

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú




Mynd 2. Nyrsti hluti línuleiðarinnar að Bessatungu. Línuleiðin er sýnd með blárrí línu og heimtaugar með ljósblárrí línu. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbæt.: Dalabyggð/Fornleifafræðistofan).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótvægisáðgerð
170:1	Garður og þúst	2	Ekkert	Talsverð	Sæmilegt	-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
171:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
172:1	Rúst (mókofi?)	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
173:1	Nátthagi	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Þversnið
	Fjöldi	5				Meðaltöl				

Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í Svínadal sem eru taldar í hættu vegna hinnar fyrirhuguðu ljósleiðaralagnar. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu. Mótvægisáðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna, en Minjastofnun Ísland ákvarðar hvort þeirra sé þörf.

hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Í landi Bessatungu (Bersatungu) eru nokkrar friðlýstar fornleifar (Fornleifaskrá 1990:32). eru það svokölluð hoftótt, blótsteinn og akurgirðing. Þessar minjar eru allar skráðar og færðar inn á minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (sjá mynd 1). Í minjavefsjónni eru minjarnar sex að tölu sem sagðar eru friðlýstar. Þær eru tvö garðlög (sama garðlagið), garðræktarsvæði (akurgirðingin), hoftótt, dæld og blótsteinn.

Hinn fyrirhugaði ljósleiðari mun fara rúmlega 30 m frá blótsteininum og um 40 m frá hoftóftinni sem eru bæði sunnan við línuleiðina. Að norðan mun hún liggja um 60 m suður af jarðræktarsvæðinu. Engin hætta mun steðja að þessum fornleifum ef ljósleiðarinn verður lagður á svæðinu. Hugleiða mætti að viðhafa framkvæmdaefirlit á staðnum þegar línar verður lögð í jörðu til að kanna hvort fleiri fornleifar kunni að leynast á svæðinu. Línuleiðin liggur í dæld á milli hóla þar sem fornleifarnar eru.



Mynd 3 og 4. Staðsetning minja nr. 170. Línuleiðin er sýnd með blárrí línú. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðb. Dalabyggð/ Fornleifafræðistofan).




Samtals voru fimm fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangskonunnina nú. Þrjár fornleifar/minjar töldust hafa lítið minja- og varðveislugildi og tvær talsvert minja- og varðveislugildi.

Tvennar fornleifar/minjar voru taldar í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda (nr. 170), en þær eru báðar tæplega eiginlegar fornleifar heldur afleiðing af vélavinnu á svæðinu á seinni tím-um. Nú hefur verið ákveðið að fara ekki nærri þeim en 15 m eins og sést á mynd 3, en ekki er þó talin ástæða til þess að gera það.

Þegar ekki er hægt að tryggja ör-yggi forn-leifa eða þeim þarf að raska vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og gördum er gjarnan þverskurður í gegnum þá, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir sé talinn möguleiki á slíku, eða að ákveðinn

hluti húsanna séu full-ransakaðir, ef allt húsið er ekki full-ransakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.




Mynd 5 og 6. Staðsetning fornleifa nr. 171-72. Ljósleiðarinn er sýndur með blárrí línu. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðb. Dalabyggð/Fornleifafræðistofan).

Niðurstaða

Fimm fornleifar/minjar voru skráðar á hinni fyrirhuguðu línuleið ljósleiðarans.

Þrennar höfðu lítið minja- og varðveislugildi og tvennar höfðu talsvert gildi. Þrjár voru taldar




vera frá 1550-1900 og tvennar minjar yngri en 1900.

Hugsanlega þarf að viðhafa framkvæmdaeftirlit við Bessatungu þegar línan verður lögð í jörðu.

Sé ekki hægt að tryggja öryggi minjanna sem eldri eru en 100 ára þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.



Mynd 7 og 8. Staðsetning fornleifa syðst á línuleiðinni. Ljósleiðarinn er sýndur með blárrí línu. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðb.: Dalabyggð/Fornleifafræðistofan).

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Örnefnaskrá. Bersatunga. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Bersatunga. Brynjúlfur Sæmundsson. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Bersatunga. Ólafur Skagfjörð skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Túnakort. Bessatunga. Þjóðskjalasafn Íslands.

<https://www.map.is/minjastofnun/>

Fylgirit

Fornleifaskrá: Dalabyggð Nr. 170:1 - 173:1.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			170
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	20.7.2020	E 372177,4 N 538355,4	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Garður og þúst							Dal 20	2
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1900-		Línulögn	Talsverð	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Lítið	1	Lítið	1				Nei	Nei

Lega og staðhættir

Á sléttum velli austan við þjóðveginn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður og þúst.

1) Garður.

Um 29 m langur, úr torfi, 0,2 - 0,7 m hár og 1,5 - 2,0 m breiður. Dálítið boginn. 5 m vestur af garðinum er:

2) Þúst.

Um 3 x 3 m stór og 0,5 m há. Úr torfi, en þó má sjá einstaka steina við jaðarinn.

Líklega er þetta afleiðing vélavinnu á staðnum á seinni tímum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Engra mótvægisáðgerða er þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			171
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	20.7.2020	E 372005,0 N 535174,6	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða							Dal 20	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900		Ekkert	Engin	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Efst á málarási, um 50 m austur af þjóðvegi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, um 1,5 m í þvermál. Fallin.

Hugsanlega hefur varðan varðað hugsanlegar mógrafir og mókofa (nr. 172) skammt austan við vörðuna.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			172
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	20.7.2020	E 372000,6 N 535112,7	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Mókofi	Dal 20	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Ekkert	Engin	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í gróinni lægð í malarási.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

3 x 3 m stór. Veggir úr torfi, 0,7 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir.

Dyr eru á rústinni mót suðaustri.

Hugsanlega er þetta mókofi og mógrafirnar gætu verið rétt austan við kofann. Þar eru bleytur sem bera viss merki um að kunna að vera mógrafir.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			173
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Leysingjastaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	20.7.2020	E 370676,5 N 530212,6	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Nátthagi		Dal 20	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Ekkert	Engin	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Skammt austur af þjóðveginum gegnt Árbæ.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Nátthagi.

Um 20 x 28 m stór. Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 1,0 m háir.

Tvö hólfr eru inni í nátthagnum, í suðaustur- og suðvesturhornum. Vestara hólfið eru sínu minna en það eystra.

Hlið er á nátthagnum neðan við (vestan) stærra hólfið og eru þær 3 m á breidd.


Veggir nátthagans eru í góðu ástandi, en þó farið að falla úr þeim á stöku stað.

Austurveggurinn er grafinn niður í barð.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.